

**Nd. 98. Frumvarp til laga [89. mál]**  
um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjóðmanna.

Flm.: Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist:  
Ríkissjóður ábyrgist greiðslur lífeyris skv. lögum þessum.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:  
Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjald til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 55 ára að aldri, á rétt á árlegum eftirlaunum úr sjóðnum.

Upphæð eftirlaunanna er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn er lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Eftirlaun:	Starfstími:	Eftirlaun:
10 ár	12,5%	21 ár	33,0%
11 —	14,0%	22 —	35,5%
12 —	15,5%	23 —	38,0%
13 —	17,0%	24 —	41,0%
14 —	18,5%	25 —	44,0%
15 —	20,0%	26 —	47,0%
16 —	22,0%	27 —	50,0%
17 —	24,0%	28 —	53,0%
18 —	26,0%	29 —	56,5%
19 —	28,0%	30 —	60,0%
20 —	30,5%		

Það telst eitt starfsár skv. grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem togarasjómaður 9 mánuði eða meir á sama almanaksári.

Við ákvörðun meðallauna skv. lögum þessum skulu hlunnindi, sem sjóðfélagi hefur notið, svo sem skattfríðindi, fæði o. fl., metin sem laun.

Upphæð eftirlauna má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómannna á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

### 3. gr.

Í stað „65 ára aldurs“ í 2. málsg. 12. gr. laganna komi: 55 ára aldurs.

### 4. gr.

Þar, sem orðið „ellilífeyrir“ kemur fyrir í lögnum, komi orðið: eftirlaun.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Setning laga um lífeyrissjóð togarasjómannna var spor í þá átt að gera viðunanlegri kjör þeirra, sem gera störf á togurum að lífsstarfi.

Í 11. grein laganna er togarasjómönnum tryggður nokkur lífeyrir, eftir að þeir hafa starfað í 10 ár og hafa náð 65 ára aldri. Aldursmark þetta er hið sama og í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, en hundraðshlutinn, sem greiddur er af meðallaunum síðustu 10 starfsára, lægri, þar sem togarasjómenn fá skv. nügildandi lögum 50% af meðallaunum sínum eftir 30 ára starf, en opinberir starfsmenn 60%. Er þó öllum ljóst, að störf togarasjómannna eru á engan hátt sambærileg við störf annarra, sem fengið hafa tryggð sérstök lífeyrisréttindi. Verður að telja eðlilegt, að aldursmark í lögum um lífeyrissjóð togarasjómannna sé lægra en í öðrum lífeyrissjóðum og hundraðshlutinn af meðallaunum a. m. k. jafnhár, svo mjög sem störf togarasjómannna eru erfiðari en annarra lífeyrisþega, og kemur þar m. a. til átakameiri og áhættusamari vinna, lengri vinnutími og verri aðbúnaður. Vegna alls þessa er óeðlilegt að ætla togarasjómönnum að endast jafnlengi við störf sín og t. d. skrifstofumönnum.

Flutningsmenn frumvarps þessa telja, að auk þess að sanngirni mæli með því, að aldursmark skv. 11. grein nügildandi laga um lífeyrissjóð togarasjómannna verði lækkað, þá komi hitt og til, að hlunnindi þau, er togarasjómenn fá skv. nügildandi lögum fyrst við 65 ára aldur, séu of fjarlæggt mark, til þess að þau verði hvatning ungum mönnum, að þeir geri sjómennsku á togurum að lífsstarfi.

Tilgangurinn með setningu laganna um lífeyrissjóð togarasjóðmanna var að gera kjör þeirra viðunanlegri og m. a. talið, að þau gætu stuðlað að því, að ungir menn fengjust til að starfa að staðaldri á togurunum, en á því er þjóðinni hin mesta nauðsyn, svo stór þáttur sem veiðar togaranna eru í öflun þjóðarteknanna. Telja flutningsmenn frumvarps þessa, að breyting sú, er þeir leggja til að gerð verði á lögnum, sé nauðsynleg til þess, að þau beri árangur í því efni.